

stefnda til að greiða áfryjanda málskostnað fyrir undir- og yfirdómi, er þykir hæfilega ákveðinn 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Sveinbjörn Stefánsson greiði áfryjand-  
anum Sigurði Þórðarsyni 7 kr. 50 a. með 5%  
vöxtum frá sáttakærudegi 27. nóv. f. á. til borg-  
unardags. Svo greiði hann og áfryjanda í máls-  
kostnað fyrir undir- og yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna  
frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að  
lögum.

Mánudaginn 10. októbermánaðar.

Nr. 4/1904:

Einar prestur Thorlacius

gegn

Ófeigi presti Vigfússyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði áfryjandinn Einar prest-  
ur Thorlacius í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd gegn stefnda  
Ófeigi presti Vigfússyni á Fellsmúla til endurgreiðslu á  
339 kr., er hann taldi sig hafa ofgreitt stefnda upp í  
álag á íverubús á prestssetrinu Fellsmúla í Landpresta-  
kalli, er hann skilaði því við burtför sína úr brauðinu  
til eftirmanns síns, hins stefnda. Málið var dæmt í  
gestarétti Rangárvallasýslu 10. okt. f. á. á þá leið, að

stefndi var sýknaður af kærum og kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu, dags. 22. marz þ. á., og krafist þess, að undirréttardómurinn verði ónýttur þannig, að yfirúttekt á umræddu íveruhúsi, er fram fór 31. maí 1901, verði feld úr gildi, og stefndi dæmdur til að endurgreiða áfrýjanda 339 kr. með 5% vöxtum frá málshöfðunardegi 21. sept. f. á. til borgunardags, og í málskostnað fyrir undirrétti og yfirrétti með einhverri nægilegri upphæð eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir réttarins mati, en til vara, að sér verði ákveðinn önnur yfirúttekt, eða áfrýjandi dæmdur til að sjá prestssetrinu Fellsmúla fyrir gildu og góðu íveruhúsi, og, hvernig sem málið fer, dæmdur í málskostnað eftir réttarins mati.

Hinn 27. sept. 1900 fór fram úttekt á Landprestakalli og prestssetrinu þar, Fellsmúla, úr hendi áfrýjandans, sem fráfarandj prests, en með því að nýr prestur var þá eigi enn skipaður í brauðið, mætti við úttektina fyrir hönd aðkomandi prests maður, er sýslumaður hafði skipað til þess að gæta réttar hans við úttektina. Nokkru síðar (í nóvbr.) fekk stefndi veitingu fyrir brauðinu, og lýsti sig þá óánægðan með úttektina, að því leyti sem álag á íveruhúsið á Fellsmúla var gjört að eins 80 kr., og bar sig upp undan því við stiftsyfirvöldin, og eftir bendingu þeirra krafðist hann yfirúttektar á nefndu íveruhúsi og var hún framkvæmd 31. maí 1901 af 4 mönnum, er sýslumaður útnefndi til þess. Bygði yfirúttektin í mati sínu á því álit



stiftsyfirvaldanna, að fráfarandi prestur (áfrýjandi), sem hafði fengið 800 kr. styrk úr landssjóði »til þess að byggja sæmilegt prestssetur, er síðan yrði eign brauðsins« væri skyldur til að skila íbúðarhúsi á prestssetrinu, er að minsta kosti jafngilti nefndri styrkuppþæð, að viðbættu andvirði niðurlagðra jarðarhúsa á prestssetrinu, 69 kr., eða væri samtals 869 kr. virði — og þar sem yfirúttektarmenn eigi mátu umgetið íveruhús á Fells-múla meira en 450 kr., gjörðu þeir samkvæmt þessu álag á það 419 kr. Undirúttektarmenn höfðu aftur á móti metið að eins bætur á húsið, eins og það þá kom fyrir, án tillits til þess, hvort það gallalaust næði því verði, sem byggingarstyrkurinn nam, er fráfarandi prestur hafði fengið af opinberu fé til byggingarinnar.

Áfrýjandi greiddi stefnda álag það alt, er yfirúttektin gjörði á húsið, hinn 1. okt. 1901. og nú er krafa hans í máli þessu sú, að fá álagsupphæð þessa endurgreidda, að frádregnum þeim 80 kr., er álagið var metið af undirúttektarmönnum, eða 539 krónur.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það, hvort yfirúttektin 31. maí 1901 hafi verið lögmæt og áfrýjandi því hafi verið skyldur að greiða álagið samkvæmt henni. Þessu hefir áfrýjandi neitað. Að vísu hefir hann greitt stefnda álagið að fullu, eins og fyr er sagt, en, þótt stefndi haldi öðru fram, þá hefir hann ekki með þessari greiðslu samþykkt lögmæti yfirúttektarinnar; málsskjölin bera það með sér, að stefnda hefir verið kunnugt, er hann tók á móti álaginu, að áfrýjandi vildi eigi og ætlaði sér eigi að una við hana.

Áfrýjandi hefir haldið því fram, að undirúttektin hafi verið samþykkt fyrirvaralaust af manni þeim, er var

skipaður af sýslumanni til að vera við þá úttekt af hendi viðtakanda, og að yfirúttektar hafi verið krafist of seint af stefnda. Ennfremur að yfirúttektin hafi verið ólögleg að formi til, þar sem prófastur hafi eigi verið viðstaddur hana eða stýrt henni. Og loks hefir áfrýjandi fundið það að yfirúttektinni, að þar hafi eigi verið tekið neitt tillit til fyrningar á íveruhúsinu frá því er áfrýjandi skilaði því af sér með undirúttektinni.

Það er þó sannað í málinu með vitnisburðum úttektarmannanna, að hinn stefndi viðtakandi lýsti því yfir við úttektargjörðina, að hann geymdi aðkomandi presti óskertan rétt til að áfrýja úttektargjörðinni. Það er þannig augljóst af málinu, að stefndi gjörði gangskör að því að fá yfirúttekt, svo fljótt sem honum var unt, eftir að hann hafði fengið veitingu fyrir brauðinu.

Að því er snertir nærveru prófast við yfirúttekt eða stjórn á henni, virðist það og að vísu vera edlilegast, að hann sé viðstaddur yfirúttektir, en þetta er þó eigi beint fyrirskipað í lögum, og, eins og hér stóð á, þar sem að eins var um eitt atriði í úttektinni að ræða, virðing á íveruhúsi prestssetursins, sem stiftsyfirvöldin höfðu gefið glögga leiðbeining um, hvernig haga skyldi, virðist nærvera prófasts til að gæta réttar prestakallsins ekki geta álitist svo þýðingarmikil, að undir henni, sem þar að auki er ólögskipuð, eigi að vera komið gildi gjörðarinnar.

Ekki verður heldur gildi yfirúttektarinnar hnekt fyrir þá sök, að eigi hafi verið metin fyrning hússins milli úttektanna. Stefndi átti heimting á að láta yfirúttekt fara fram á húsinu, áður hann tæki við því, og húsið var ekki laust úr ábyrgð áfrýjanda fyr en slík



yfirúttekt hafði farið fram, en stefnda varð eigi gefin sök á þeim drætti, er á henni varð.

Samkvæmt þessu verður eigi álitð, að aðfinslur þær viðvíkjandi yfirúttektinni 31. maí 1901, er áfrýjandi hefir gjört, séu á rökum byggðar. Hins vegar hefir áfrýjandi ekki hreyft neinum mótmælum gegn þeim grundvelli, er yfirúttekin byggði á samkvæmt áliti og bendingu stiftsyfirvaldanna, þeim sem sé, að áfrýjanda bæri að skila stefnda eða prestakallinu íveruhúsi, er væri að minsta kosti 869 kr. virði, og verður því aðferð yfirúttektarmanna að þessu leyfi að álitast viðurkend réttmæt af báðum málsaðilum.

Krafa áfrýjanda um ógilding yfirúttektargjörðarinnar og endurgreiðslu á álagsupphæðinni verður því eigi tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af kröfu hans í því tilliti, eins og undirdómarinn hefir gjört. Það ber og að staðfesta ákvæði gestaréttardómsins um málskostnaðinn. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 50 krónur.

Að því leyti mál þetta var í héraði flutt með gjafsókn af hálfu áfrýjanda, vottast, að sókn þess þar hefir verið lögmat.

Því dæmist rett vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Einar prestur Thorlacius greiði stefnda Ófeigi presti Vigfússyni í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.